

# SUMAR Í VOGUM

---

## 2019

---



Sveitarfélagið Vogar



Nú er sólin farin að hækka á lofti og sumarið á næsta leiti. Sumarið er skemmtilegur tími bæði fyrir börn og fullorðna og tilvalið tækifæri til að skapa margar skemmtilegar minningar.

Í Vogum er fjölmargt skemmtilegt að gerast í sumar, m.a má nefna 17. júní skemmtun og Fjölskyldudagana sem verða 12. - 18. ágúst. Segja má að það sé stærsti viðburður Sveitarfélagsins ár hvert. Vinnuskólinn verður einnig á sínum stað ásamt leikjanámskeiðum, golfnámskeiðum og fótboltanámskeiðum.

Sumarið getur verið mikill umbreytingartími í lífi ungs fólks. Það er því mikilvægt að viðhalda reglu og að við hin fullorðnu fylgjumst með því sem börnin og unglingarnir eru að fást við. Sá tími sem fjölskyldan ver saman er í senn dýrmætur, mikilvægur og skemmtilegur.

Höfum gaman saman sumarið 2019.



# LEIKJANÁMSKEIÐ

*Í sumar verða starfrækt leikjanámskeið Borunnar fyrir börn fædd 2010-2012 í 1.-3. bekk.*

*Í boði verða heilsdagsnámskeið sem standa frá kl. 8:00-16:00.*

*Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði á námskeiðunum. Markmið námskeiðanna er að börnin kynnist sem flestum útileikjum og verði virkir þátttakendur í starfinu.*

*Einnig er markmiðið að þátttakendur fái uppbyggileg og þroskandi verkefni sem þau hafa gaman af.*

*Umsjónamaður leikjanámskeiða verður Sólrún Ósk Árnadóttir.*

## NÁMSKEIÐIN VERÐA DAGANA:

11.-14. jún

18.-21. júní

24.-28. júní

6.-9. ágúst,

12.-16. ágúst

(Athugið að ágústnámskeið eru einnig í boði fyrir börn fædd 2013)

## NESTI, KLÆDNAÐUR OG DAGSKRÁ:

Börnin þurfa að koma með morgun- og miðdegisnesti. Þátttakendur fá léttan hádegisverð sem er innifalinn í námskeiðsgjaldi. Starfsfólk leggur mikið upp úr því að nesti barnanna sé hollt og gott. Starfsfólk vinnur að skipulagningu leikja með börnunum. Farið verður í gönguferðir, kynnisferðir, fræðsluferðir og margt fleira. Ef illa viðrar gæti þurft að breyta fyrirfram ákveðinni dagskrá og þá leikum við inni. Mælt er til að börnin hafi ávallt meðferðis útifatnað og séu klædd eftir veðri.

## VERÐ:

4 daga námskeið: **9.200 kr**

5 daga námskeið **11.625 kr**

Skráning og greiðsla fer fram í íþróttamiðstöð á opnunartíma hennar.

Vinsamlegast athugið að 24 pláss eru á hverju námskeiði.

Lágmarks fjöldi er 7.

Frekari upplýsingar fást í félagsmiðstöð og í síma 440-6224.



## GOLFNÁMSKEIÐ



*Boðið verður upp á golfnámskeið fyrir börn í sumar á golfvelli GVS við Kálfatjörn.*

### NÁMSKEIÐIN VERÐA DAGANA:

11.-14. júní og 18.-21. júní.

Kennt verður frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 09:00-12:00.

Víkuna 24-28. júní stendur svo þeim sem skráð sig hafa á námskeið til boða að stunda golfvöllinn. Verður boðið upp ferðir frá Íþróttamiðstöð kl. 10:00 og til baka frá golfvelli kl. 14:00.

Afrekskylfingar frá Golfklúbbnum Keili verða leiðbeinendur á námskeiðunum. Þátttökugjaldi er stillt í hóf. Innifalið er hádegishressing og drykkur. Einnig verða krakkarnir félagsmenn í GVS og geta því komið og spilað golf að námskeiði loknu. Námskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 7-13 ára (fædd 2006-2012).

Akstur er í boði til og frá námskeiði í umsjón Íþrótt- og tómstundafulltrúa. Keyrt verður frá Íþróttamiðstöð.

### VERÐ:

Einstaklingur: **10.000. kr**

Systkini: **17.000. kr**

### EF FARIÐ ER Á BÆÐI NÁMSKEIÐIN:

Einstaklingur: **15.000. kr**

Systkini: **30.000 kr**

Greitt er fyrir námskeiðið í golfskála í byrjun námskeiðs.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 424-6529.



## KNATTSPYRNA



*Knattspyrna hjá Prótti í sumar.*

### ÆFINGATÍMAR YNGRIFLOKKA Í SUMAR FRÁ 7. JÚNÍ

#### 7. flokkur karla 1 & 2 bekkur

Mánudagar kl. 12:00

Miðvikudagar kl. 12:00

Fimmtudagar kl. 12:00

#### 5. flokkur karla 5 & 6 bekkur

Mánudagar kl. 17:00

Miðvikudagar kl. 16:00

Fimmtudagar kl. 16:00

#### 5. og 6. fl. kvenna 1 til 4 bekkur

Mánudagar kl. 13:00

Miðvikudagar kl. 13:00

Fimmtudagar kl. 13:00

#### 4. flokkur karla 7 & 8 bekkur

Mánudagar kl. 17:00

Miðvikudagar kl. 17:00

Fimmtudagar kl. 17:00

#### 6. flokkur karla 3 & 4 bekkur

Mánudagar kl. 16:00

Miðvikudagar kl. 15:00

Fimmtudagar kl. 15:00

### BOLTASKÓLI ÞRÓTTAR

11 - 25 júní. Skráningar hefjast á næstu dögum

Fyrir stráka og stelpur (Lágmarkspátttaka 20). Frítt í boði styktaraðila og sjálfboðaliða. Glaðningur frá KSÍ handa öllum.

Þjálfarar verða leikmenn innan meistaraflokks Þróttar og þjálfarar hjá félaginu. 3x í viku í 75. mín

#### 6. flokkur og 7. flokkur strákar og stelpur.

Mánudagar, þriðjudagar og miðvikudagar klukkan 10:15 -11:30

#### 4. flokkur og 5. flokkur strákar og stelpur.

Mánudagar, þriðjudagar og miðvikudagar klukkan 11:00 -12:15

Ef vel gengur þá verður framhald á boltaskóla í sumar.



# FJÖLSKYLDAN

## FJÖLSKYLDUDAGAR Í VOGUM

Fjölskyldudagar í Vogum verða haldnir 12.-18. ágúst 2019.

Dagarnir verða með venjubundnu sniði og fastir punktar eins og hverfaleikar, brekkusöngur og tónleikar verða á sínum stað en eflaust verður einnig bryddað upp á nýjungum og verður fullbúin dagskrá kynnt þegar nær dregur og er fólk hvatt til að fylgjast með á viðburðadagatali á heimasíðu sveitarfélagsins.

Að venju koma flest ef ekki öll félagasamtök í sveitarfélaginu að dagskránni sem verður við hæfi allra og munu skipuleggjendur reyna að láta hátíðina standa undir nafni sem fjölskyldudaga. Aðgangur á alla viðburði hátíðarinnar er ókeypis eins og venjulega.

Íbúar Voga eru hvattir til að taka virkan þátt í hátíðinni en allir eru auðvitað velkomnir og vel er tekið á móti gestum.

### 17. JÚNÍ

Kvenfélagið Fjóla, Lionsklúbburinn Keilir og Sveitarfélagið Vogar halda sameiginlega skemmtun á 17. júní. Í boði verður m.a. Kaffihlaðborð, hoppukastalar, leikir og gleði verða m.a. á dagskrá. Dagskrá verður kynnt þegar nær dregur og er fólk hvatt til að fylgjast með á viðburðadagatali á heimasíðu sveitarfélagsins.



# VINNUSKÓLINN

## VINNUSKÓLINN 2019

Vinnuskólinn hefur aðsetur í Íþróttamiðstöðinni, Hafnargötu 17.

### Flokkstjórar eru:

Sædís María (Sími: 777-0926) og Aníta Ósk (Sími: 777-0925)

Vinnuskólinn er vímuefnalaus vinnustaður Einnig er hægt að fá frekari upplýsingar í félagsmiðstöð í síma 440-6224.

## UM VINNUTÍMA VINNUSKÓLANS

Eins og undanfarin ár verður vinnuskóli Sveitarfélagsins Voga starfræktur í sumar. Þar gefst unglingum í 8.-10. bekk auk unglunga á fyrsta ári í framhaldskóla tækifæri á vinnu yfir sumartímann.

**Helstu verkefni:** Sláttur, rakstur og létt viðhald á lóðum. Gróðursetning, áburðargjöf, hreinsun, málun, aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.

## VINNUTÍMINN ER EFTIRFARANDI:

**14 ára, 8. bekkur:** Vinna 162 klst á tímabilinu 24. júní-15. ágúst. Unnið er mánudaga til fimmtudaga kl. 08:30-12:00 og 13:00-15:30.

**15 ára, 9. bekkur:** Vinna 186 klst á tímabilinu 18. júní-15. ágúst. Unnið er mánudaga til fimmtudaga kl. 08:30-12:00 og 13:00-15:30.

**16 ára, 10. bekkur:** Vinna 204 klst á tímabilinu 11. júní-15. ágúst. Unnið er mánudaga til fimmtudaga kl. 08:30-12:00 og 12:30-15:30. Laun: 1.347 kr á tímann með orlofi.

**17 ára, 1. ár í framhaldsskóla:** Vinna 228 klst á tímabilinu 3. júní-15. ágúst. Unnið er mánudaga til fimmtudaga kl. 08.30-12.00 og 13.00-15.30. Laun: 1.732 kr á tímann með orlofi.

## FREKARI UPPLÝSINGAR

Umsjónarmaður vinnuskólans er Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður umhverfis og eigna. Sími 893-6983.

Ábyrgðarmaður vinnuskólans er Matthías Freyr Matthíasson, Íþrótt- og tómstundarfulltrúi. Sími: 866-9538.



# ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN

## SUMAROPNUN ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR

**Frá 1. júní-1. júlí**

### **Sundlaugin**

Opin frá kl. 07:00-21:00 alla virka daga  
og frá kl. 10:00-16:00 um helgar

### **Preksalur**

Opin frá kl. 07:00-21:00 alla virka daga  
og frá kl. 10:00-16:00 um helgar

**Frá 1. júlí-22. ágúst**

### **Sundlaugin**

Opin frá kl. 08:00-21:00 alla virka daga  
og frá kl. 10:00-16:00 um helgar

### **Preksalur**

Opin frá kl. 08:00-21:00 alla virka daga  
og frá kl. 10:00-16:00 um helgar

Athugið að börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur í sund nema í fylgd með fullorðnum

Opið verður í heitan pott samhliða opnun líkamsræktar virka daga.

Hægt verður að fara í heita pottinn til kl. 21:40 mánudaga–fimmtudaga  
og til kl. 20:40 á föstudögum.

Athugið að eingöngu er um aðgengi að heitum potti að ræða.

